

Lagabreytingartillögur frá Hörpu Björnsdóttur

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 8. grein laga Leiðsagnar:

Er nú:

8. gr. Merki félagsins

Merki félagsins, í hvaða mynd sem er, er eign þess. Einungis félögum Leiðsagnar er heimilt að bera það í samræmi við þær reglur sem um það gilda. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota, né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis félagsins. Fyrirtæki sem eingöngu eru með félagi í Leiðsögn í starfi við ferðaleiðsögn er heimilt að fengnu samþykki stjórnar félagsins að hafa félagsmerki þess í kynningu á leiðsögumönnum sínum enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

Stjórn félagsins setur reglur um notkun og gerð á merki félagsins.

Verður:

Merki félagsins, í hvaða mynd sem er, eru eign þess.

Merkin eru tvenns konar: Annars vegar merki stéttarfélagsins Leiðsagnar (græna merkið) sem hefur gildi fyrir alla félagsmenn. Hins vegar upprunalega merki fagfélagsins og fyrrum fagdeildar og svokallaður „skjöldur“, sem einungis þeir félagsmenn sem lokið hafa leiðsögunámi skv. tilskildum menntunarkröfum hafa leyfi til að bera.

Stjórn félagsins setur reglur um notkun og gerð á merki félagsins Leiðsagnar en Fagráð Leiðsagnar setur reglur og hefur umsjón með merki fagmenntaðra leiðsögumanna og „skildinum“.

Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkin til annarra nota, né sauma þau í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis stjórnar Leiðsagnar og Fagráðs. Fyrirtæki sem eingöngu eru með félagi í Leiðsögn í starfi við ferðaleiðsögn er heimilt, að fengnu samþykki, að hafa félagsmerki þess í kynningu á leiðsögumönnum sínum, enda sé það gert skv. reglum um notkun merkjanna.

(Rökstuðningur: Er þetta til að skýra þann mun sem er á merkjum félagsins og koma reglu á meðferð þeirra. Nauðsynlegt er í framhaldinu að stjórn Leiðsagnar og Fagráð setji skýrar reglur um úthlutun og notkun merkjanna.)

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við a-lið. 9 greinar laga Leiðsagnar:

Er nú:

9. gr. Réttindi félagsmanna

Félagar í Leiðsögn hafa, nema önnur ákvæði laga þessara eða einstakra sjóða mæli fyrir um annað:

a) málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt á félagsfundum svo og kjörgengi til embætta og trúnaðarstarfa fyrir félagið. Enginn skal þó gegna því embætti eða þeim trúnaðarstörfum sem hann var kosinn til lengur en 6 ár samfellt. Atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun skal miða við lokadag annars almanaksmánaðar á undan atkvæðagreiðslunni. Þeir einir hafa atkvæðisrétt sem þann dag höfðu að lágmarki greitt félagsgjald af launum sem svarar til lægsta taxta félagsins fyrir tveggja mánaða dagvinnu á síðustu fjórum mánuðum fyrir þann dag eða fjögurra mánaða dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag.

Verður:

9. gr. Réttindi félagsmanna

Félagar í Leiðsögn hafa, nema önnur ákvæði laga þessara eða einstakra sjóða mæli fyrir um annað:

a) málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt á félagsfundum svo og kjörgengi til embætta og trúnaðarstarfa fyrir félagið. **Enginn skal þó gegna sama embætti eða trúnaðarstarfi sem hann var kosinn til lengur en 6 ár samfellt og tryggja skal eðlilega endurnýjun.** Atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun skal miða við lokadag annars almanaksmánaðar á undan atkvæðagreiðslunni. **Þeir einir hafa atkvæðisrétt sem þann dag höfðu að lágmarki greitt félagsgjald af launum sem svarar til lægsta taxta félagsins fyrir eins mánaða dagvinnu á síðustu fjórum mánuðum fyrir þann dag eða tveggja mánaða dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag. Þeir félagar sem einungis greiða aðildargjald til félagsins hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun.**

(Rökstuðningur: Þessi breyting er fyrst og fremst hugsuð til þess að rýmka fyrir því að fleiri félagsmenn hafi atkvæðisrétt um kjarasamninga en nú er, t.d. þeir sem vinna aðeins hluta ársins við leiðsögn. Einnig að draga skýrar fram þá staðreynd að þeir sem einungis greiða aðildargjald hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun.)

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 2., 3. og 4. málslíð 23. greinar laga Leiðsagnar:

Er nú:

Stjórn Sjúkrasjóðs hefur eftirlit með rekstri hans og ákveður greiðslur úr honum í samræmi við reglugerð um hann. Aðalfundur kys þrjá menn og tvo til vara, sem ekki sitja í stjórn félagsins, í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Ákvörðunum stjórnar Sjúkrasjóðs má áfrýja til stjórnar félagsins.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs er skipuð fulltrúum aðila að kjarasamningu félagsins í samræmi við ákvæði hans. Einn af fulltrúum Leiðsagnar í stjórn sjóðsins skal kosinn á aðalfundi.

Ofantaldir sjóðir greiða allan kostnað af starfsemi félagsins samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Verður:

Stjórn Sjúkrasjóðs samanstendur af þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum sem ekki sitja í stjórn félagsins. Kjósa skal alla stjórnarmenn á aðalfundi, aðalmenn til tveggja ára í senn, varamenn til eins árs í senn. Stjórn Sjúkrasjóðs hefur eftirlit með rekstri hans og ákveður greiðslur úr honum í samræmi við reglugerð um hann. Ákvörðunum stjórnar Sjúkrasjóðs má áfrýja til stjórnar Leiðsagnar.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs samanstendur af fimm aðalmönnum, þremur fulltrúum Leiðsagnar og tveimur fulltrúum SAF. Fulltrúar Leiðsagnar eru einn stjórnarmaður og tveir félagsmenn kosnir á aðalfundi til 2ja ára í senn. Stjórn Endurmenntunarsjóðs hefur eftirlit með rekstri hans og ákveður greiðslur úr honum í samræmi við reglugerð um hann. Ákvörðunum stjórnar Endurmenntunarsjóðsins má áfrýja til stjórnar Leiðsagnar.

Ofantaldir sjóðir greiða kostnað vegna umsýslu og starfsemi félagsins samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerðum þeirra.

(Rökstuðningur: Er þetta til að samræma lög félagsins við endurskoðaða reglugerð Endurmenntunarsjóðs sem samþykkt var á aðalfundi 2023. Einnig til að samræmis gæti um orðalag 23. lagagreinar sem fjallar um báða sjóðina.)

(Til vara: Eingöngu lögð til lagabreyting sem varðar Endurmenntunarsjóð.)

.....

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 25. grein laga Leiðsagnar:

Er nú:

25. gr. Endurskoðun

Tveir félagskjörnir skoðunarmenn reikninga, sem kosnir eru á aðalfundi skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir við þá. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins og vera á innri vef félagsins í a.m.k. í sjö daga fyrir aðalfund.

Verður:

25. gr. Endurskoðun

Tveir skoðunarmenn reikninga, sem ekki sitja í stjórn félagsins, hvorki sem aðalmenn eða varamenn, skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára. Þeirra hlutverk er að yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár, og ef þurfa þykir gera athugasemdir við þá. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins og vera á innri vef félagsins í a.m.k. í sjö daga fyrir aðalfund.

(Rökstuðningur: Er þetta til að tryggja að stjórnarmenn eða varamenn í stjórn taki ekki að sér eftirlitshlutverk skoðunarmanna, heldur algerlega hlutlausir aðilar gagnvart stjórn.)

Eftirfarandi lagabreytingartillögur eru fyrst og fremst til þess hugsaðar að einfalda boðun og framkvæmd aðalfunda Leiðsagnar, en núverandi lög eru óþarflega flókin í þeim efnum, einkum hvað varðar tímasetningar á framboðsfrestum, kynningum og ýmsum fyrirvörum. Einnig til að samræma lagagreinar sem varða atkvæðisrétt og kjörgengi.

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 2. - 4. og 5. málslíð 12. greinar laga Leiðsagnar:

Er nú:

12. gr. Stjórn

Stjórnarfundir skal boða með a.m.k. 3ja daga fyrirvara með dagskrá og varamenn upplýstir um þá. Er þeim heimil fundarseta án atkvæðisréttar nema þeir séu boðaðir vegna fjarveru aðalmanns í stjórn.

.....

Framboðsfresti vegna kosningar formanns og stjórnarmanna skal eigi ljúka fyrr en 10 sólarhringum fyrir upphaf rafrænnar kosningar. Skal tillögum um framboð skilað til skrifstofu Leiðsagnar fyrir þann tíma. Framboð verði birt á heimasíðu félagsins og með auglýsingu eigi síðar en einni viku fyrir upphaf rafrænnar kosningar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning til formanns og stjórnar með rafrænni atkvæðagreiðslu fari fyrst fram fyrir aðalfund Leiðsagnar á árinu 2023.

Verður:

12. gr. Stjórn

Stjórnarfundir skal almennt boða með a.m.k. 3ja daga fyrirvara, en skemmri ef brýna nauðsyn ber til. Dagskrá fylgir fundarboði. Varamenn skulu upplýstir um fundir og 1. varamaður boðaður á þá, hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt ef full mæting aðalmanna er á stjórnarfundinum. Forfallist aðalmaður skal hann tímanlega tilkynna það formanni stjórnar sem tekur ákvörðun um hvort boða eigi varamann til fundar í hans stað.

(Rökstuðningur: Er þetta í samræmi við stjórnarhætti margra annarra félaga, m.a. VR)

.....

Framboðsfrestur vegna kosningar formanns og stjórnarmanna rennur út 10 sólarhringum fyrir upphaf rafrænnar kosningar. Skal tillögum um framboð skilað til skrifstofu Leiðsagnar fyrir þann tíma. Framboð og kynningar á frambjóðendum skulu birt á heimasíðu félagsins tímanlega fyrir upphaf rafrænnar kosningar.

(Ákvæði til bráðabirgða, 5. málslíður, fellur niður)

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 2. og 5. málslíð 21. greinar laga Leiðsagnar:

Er nú:

21. gr. Aðalfundur

Á aðalfundi skal liggja frammi skrá yfir féлага og kjörskrá. Rétt til setu á aðalfundi með réttindi skv. 9. gr. hafa þeir sem einum mánuði fyrir aðalfund höfðu greitt félagsgjald skv. 1. eða 3. málslíð 6. gr. af launum sem svara til lægsta taxta félagsins fyrir tveggja mánaða dagvinnu á síðustu fjórum mánuðum eða fjögurra mánaða dagvinnu á síðustu 12 mánuðum og/eða höfðu einum mánuði fyrir aðalfund greitt aðildargjald skv. 2. málslíð 6. gr. fyrir yfirstandandi ár eða það næstliðna.

.....

Framboðsfresti vegna kosningar til trúnaðarstarfa sem kosið er í á aðalfundi skal eigi ljúka fyrr en 10 sólarhringum fyrir aðalfund. Skal tillögum um framboð skilað til skrifstofu Leiðsagnar fyrir þann tíma. Framboð skal birta á heimasíðu félagsins með boðun aðalfundar.

Verður:

21. gr. Aðalfundur

Á aðalfundi skal liggja frammi skrá yfir féлага og kjörskrá. Rétt til setu á aðalfundi með réttindi skv. 9. gr. hafa þeir sem einum mánuði fyrir aðalfund höfðu greitt félagsgjald skv. 1. eða 3. málslíð 6. gr. af launum sem svara til lægsta taxta félagsins fyrir eins mánaða dagvinnu á síðustu fjórum mánuðum eða tveggja mánaða dagvinnu á síðustu 12 mánuðum og/eða höfðu einum mánuði fyrir aðalfund greitt aðildargjald skv. 2. málslíð 6. gr. fyrir yfirstandandi ár.

(Rökstuðningur: Er þetta til samræmis við 9.gr., og miðar að því að auka fjölda þeirra sem hafa atkvæðisrétt um kjarasamninga. Einnig er óeðlilegt að greiðsla aðildargjalds næstliðins árs sé gilt.)

.....

Framboðsfrestur vegna kosningar til trúnaðarstarfa sem kosið er í á aðalfundi rennur út 10 sólarhringum fyrir upphaf rafrænnar kosningar. Skal tillögum um framboð skilað til skrifstofu Leiðsagnar fyrir þann tíma. Framboð skal birta á heimasíðu félagsins.

.....

Eftirfarandi lagabreyting er lögð til við 2. málslíð 30. greinar laga Leiðsagnar:

Er nú:

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til skrifstofu félagsins 15 dögum fyrir aðalfund og skulu þær sérstaklega kynntar á heimasíðu félagsins og fylgja aðalfundarboði.

Verður:

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir upphaf rafrænna kosninga og skulu þær sérstaklega kynntar á heimasíðu félagsins og fylgja aðalfundarboði. Ársreikningar félagsins skulu einnig liggja fyrir tímanlega og vera aðgengilegir á heimasíðu félagsins svo félagsmönnum sé kleift að kynna sér þá áður en áður en rafræn kosning hefst.